

Ytri Persónuverndarstefna Múltikúlti

Hver erum við og afhverju Persónuverndarstefna?

Múltikúlti-íslenska ehf. (kt. 440711-0300), Barónsstíg 3, 101 Reykjavík (hér eftir „Múltikúlti“ eða „félagið“) er tungumálamiðstöð sem sér um tungumálakennslu.

MúltiKúlti leggja áherslu á vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífsins. Því höfum við sett okkur persónuverndarstefnu í samræmi við ESB-reglugerð (ESB) nr. 2016/679 um persónuvernd og gagnaöryggi (persónuverndarreglugerðin) sbr. lög nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (hér vísað til saman sem “persónuverndarlöggjöfin”)

Með ytri persónuverndarstefnunni okkar viljum við upplýsa einstaklinga sem eru í samskiptum við MúltiKúlti, og þá sér í lagi nemendur okkar, hvaða persónuupplýsingar eru notaðar, hver hefur aðgengi að þeim, afhverju þær eru notaðar og hvernig öryggi þeirra er gætt.

Þannig nær persónuverndarstefna okkar til persónuupplýsinga sem eru rekjanlegar til einstaklinga með einhverjum hætti og eru til að mynda upplýsingar nemendur, tilvonandi nemendur, þau sem félagið er í viðskiptasambandi við og aðra sem gætu átt samskipti við félagið og/eða tengiliði þess.

Félagið er ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem það hefur undir höndum vegna samskipta við nemendur, tilvonandi nemendur, verktaka og starfsfólk í tengslum við fyrirliggjandi eða fyrirhuguð samskipti.

Ef þú ert í vafa hvort eða hvernig þessi stefna varðar þig ertu hvatt til að hafa samband við okkur (multikultimal@gmail.com) fyrir frekari upplýsingar.

Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar skv. þessari persónuverndarstefnu eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem unnt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings.

Þær persónuupplýsingar sem Múltikúlti vinna með vegna samskipta og til að sinna starfsemi sinni eru fyrst og fremst nöfn, kennitölur, tengiliðaupplýsingar og greiðsluupplýsingar sem einstaklingur hefur látið sjálfur í té.

Afhverju þurfum við persónuupplýsingar?

Félagið safnar einungis og nýtir þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar og nægjanlegar til þess að sinna hlutverki sínu og skyldum og einungis er unnið með þær á meðan það telst nauðsynlegt og málefnalegt til að ná því markmiði sem stefnt er að með vinnslunni hverju sinni eða ef lögmætir hagsmunir Múltikúlti krefjast þess, t.d. að setja fram eða að verja kröfu.

Í umræddum tilvikum byggir vinnsla upplýsinganna á samþykki þeirra sem þær hafa veitt, samningssambandi eða annarra lögmætra hagsmuna félagsins. Við vekjum athygli á því að í þeim tilfellum þar sem samþykki er gefið fyrir vinnslu getur þú alltaf afturkallað það samþykki.

Hverjir hafa aðgang að persónuupplýsingunum?

Í flestum tilvikum kemur Múltikúlti fram sem ábyrgðaraðilar persónuupplýsinga. Starfsfólk og verktakar hefur alla jafna aðgengi að almennum persónuupplýsingum til þess að geta sinnt starfsemi félagsins.

Aðgangur að persónuupplýsingum er takmarkaður hjá félaginu og höfum við sett okkur reglur um aðgengi og notkun persónuupplýsinga.

Múltikúlti miðlar ekki persónuupplýsingum til þriðja aðila nema vegna skyldu eða heimildar samkvæmt lögum, svo sem til stjórnvalda eða dómstólar. Múltikúlti þarf vegna samningsskuldbindinga eða til þess að tryggja réttindi í nemenda í einhverjum tilvikum að miðla upplýsingum um nemendur til þriðju aðila. Þeir aðilar eru:

Rannís (kt. 531094-2129)

Vinnumálastofnun (kt. 700594-2039)

VIRK (kt. 440608-0510)

Í öðrum tilvikum gæti verið nauðsynlegt að miðla upplýsingum til þriðja aðila, svo sem til að innheimta reikninga, krafna vegna námskeiðisgjalda eða annarra útgjalda samkvæmt samkomulagi.

Einnig gæti persónuupplýsingum verið miðlað til þriðja aðila sem veita okkur þjónustu á sviði upplýsingatækni sem og aðra þjónustu sem tengist vinnslu upplýsinga og er hluti af rekstri félagsins.

Þessir aðilar kunna að vera staðsettir utan Íslands. Múltikúlti mun þó ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar, það er að segja á grundvelli staðlaðra

samningsskilmála, samþykki þíns eða auglýsingar Persónuverndar um ríki sem veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Múltikúlti notar viðeigandi ráðstafanir á sviði tækni og skipulags til að vernda persónuupplýsingar með sérstöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi sem og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

Aðgengi að kerfum okkar og hugbúnaði er takmarkað. Þeir aðilar sem hafa aðgengi að persónuupplýsingum á vegum Múltikúlti skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu þar sem ábyrgð þeirra og skyldur eru skilgreindar.

Ef nauðsynlegt er að nýta utanaðkomandi þjónustu (vinnsluaðila) svo að við getum sinnt hlutverki okkar og uppfyllt skyldur okkar þá tryggjum við öryggi þeirra upplýsinga sem er nauðsynlegt að deila með þeim. Í þeim tilvikum ríkir alger trúnaður um þau gögn, þeim eytt þegar vinnsla er lokið, þau einungis nýtt í þeim tilgangi sem þeim er miðlað fyrir og meðferð þeirra er í samræmi við lög og reglur.

Persónuupplýsingar þínar eru einungis varðveittar ef þú hefur gefið samþykki fyrir því (þú mátt alltaf draga það samþykki þitt til baka) eða á meðan viðskiptasamband stendur yfir eða þar til okkur ber að eyða þeim skv. ákvæðum persónuverndarlöggjafarinnar. Þá geta sérstök tímamörk verið tilgreind í lögum fyrir varðveislu gagna sem okkur ber að fylgja, t.d. varðandi varðveislu upplýsinga sem teljast til bókhaldsgagna í sjö (7) ár.

Réttindin þín

Einstaklingar ráða yfir sínum eigin persónuupplýsingum.

Einstaklingar hafa margs konar réttindi er varðar persónuupplýsingar þeirra samkvæmt persónuverndarlöggjöfinni. Réttindi sem einstaklingur myndi vilja nýtta sér samkvæmt persónuverndarstefnu þessari eru eftirfarandi:

Rétturinn til þess að fá persónuupplýsingar leiðréttar. Það nær til dæmis til þess ef að einstaklingur breytir nafninu sínu eða skiptir um heimilisfang.

Einstaklingur hefur rétt á því að fá staðfestingu á því að ábyrgðaraðili hafi persónuupplýsingar um sig undir höndum og afhverju verið sé að vinna þær.

Í einhverjum tilvikum getur einstaklingur átt rétt til þess að fá aðgang að persónuupplýsingum. Auk þess getur einstaklingur beðið ábyrgðaraðila um að eyða persónuupplýsingum um sig ef ekki er verið að nýta þær lengur.

Einstaklingur hefur alltaf rétt til að mótmæla vinnslu á sínum eigin persónuupplýsingum.

Þó eru réttindi einstaklinga skv. persónuverndarlöggjöfnni ekki takmarkalaus þar sem önnur lög gætu sett skyldu á Múltikúlti að að hafna ósk um eyðingu eða aðgangs að gögnum. Þá gætu önnur réttindi komið í veg fyrir nýtingu upptalinnna réttinda svo sem á grundvelli hugverkaréttar eða réttindum annarra. Við þær aðstæður þar sem félagið getur ekki orðið við beiðni einstaklinga mun Múltikúlti útskýra hvers vegna beiðninni hefur verið hafnað.

Hafir þú spurningar um eða vilt nýta réttindi þín þá geturðu sent fyrirspurn á framkvæmdastjóra Múltikúlti; kjartanice@gmail.com

Einnig bendum við á að Persónuvernd (personuvernd.is) er sú stofnun á Íslandi sem tekur við kvörtunum frá einstaklingum telji þau að misfarið hafi verið með persónuupplýsingar þeirra. Þú getur einnig haft samband við þau teljir þú nauðsyn til.

Endurskoðun

Þessi persónuverndarstefna gæti tekið breytingum í samræmi við breytingar á persónuverndarlögum eða reglugerðum sem og vegna breytinga á því hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á endurskoðun og uppfærslu þessarar stefnu.

Þessi persónuverndarstefna var uppfærð þann 27. ágúst 2020.

Ytri öryggisstefna Múltikúlti

1. Markmið ytri öryggisstefnu

Það er stefna Múltikúlti-íslenska, kt. 440711-0300 (hér eftir „félagið“ eða „Múltikúlti“) að tryggja öryggi þeirra upplýsinga og gagna sem félagið hefur í sinni vörslu sem varða starfsfólk, verktaka, nemendur og aðra sem Múltikúlti gæti þurft að vinna persónuupplýsinga um. Þetta skal gert m.t.t leyndar, réttleika og tiltækileika. Það er okkar stefna að standa vörð um öryggi gagna og þess búnaðar sem gögnin eru rekin á.

Félagið hefur gripið til ráðstafana til að tryggja ytra öryggi þegar kemur að geymslu og notkun persónuupplýsinga.

2. Gildissvið

Stefna þessi nær til þeirra persónuupplýsinga sem félagið hefur aðgengi að til þess að geta sinnt störfum sínum og öðrum lögbundnum skyldum.

3. Notkun tækni við vinnslu persónuupplýsinga

Svo að starfsfólk og verktakar Múltikúlti geti sinnt störfum sínum og öðrum lögbundnum skyldum þarf að geyma og vinna persónuupplýsingar í gegnum vinnsluaðila sem eru staðsettir fyrir utan starfsstöðvar félagsins. Um er að ræða gagnageymslu, notkun á Interneti, launagreiðslur, samskipti við nemendur og annað sem fellur undir venjubundna vinnslu persónugreinanlegra upplýsinga í störfum félagsins.

4. Umfang

Öryggisstefna þessi tekur til meðfara persónuupplýsinga. Hún tekur til umgengni og vistunar allra upplýsinga á hvaða formi sem er og á hvaða miðli sem er. Stefnan tekur til allra samskipta, starfsfólks, verktaka, nemenda, samstarfsaðila félagsins og þeirra fyrirtækja sem gætu fengið aðgang að persónugreinanlegum upplýsingum í vörslu félagsins. Hún tekur einnig til hvers konar skráningar, vinnslu, samskipta, dreifingar, geymslu, afritunar og eyðingu upplýsinga. Öryggisstefnan tekur jafnframt til húsnæðis og búnaðar þar sem upplýsingar eru meðhöndlaðar eða vistaðar sem og starfsfólks og annarra sammingsbundinna aðila sem hafa aðgang að upplýsingum í vörslu félagsins.

5. Stefna, framkvæmd og eftirfylgni

Tryggja skal að eftirfarandi atriði varðandi vernd og meðferð upplýsinga séu höfð að leiðarljósi í öllum rekstri félagsins:

1. Upplýsingar séu ætíð réttar og tiltækilegar þeim sem hafa aðgangsrétt.
2. Trúnaðarupplýsingar séu óaðgengilegar óviðkomandi og verndaðar gegn skemmdum, eyðingu eða uppljóstrun til aðila sem hafa ekki aðgangsrétt hvort sem er af ásetningi eða gáleysi.
3. Leynd upplýsinga og trúnaði sé viðhaldið.
4. Upplýsingar berist ekki óviðkomandi af ásetningi eða gáleysi.
5. Upplýsingar séu verndaðar gegn þjófnaði, eldi, náttúruhamförum o.þ.h.
6. Upplýsingar séu verndaðar gegn skemmdum og eyðingu af völdum tölvuveira.
7. Alltaf séu til áreiðanleg og örugglega varðveitt afrit af helstu gögnum og hugbúnaðarkerfum.
8. Upplýsingar sem berast um netmiðla, svo sem í tölvupósti, fari á réttan viðtakanda ósködduð og án truflana. Þess skal gætt að upplýsingar berist ekki óviðkomandi aðilum, hvort sem er af gáleysi eða ásetningi.
9. Til að tryggja ytra öryggi, t.d. tæknibúnað og þess háttar, skulu vera gerðar áætlanir um samfelldan rekstur viðhalds, og þær prófaðar eins og kostur er.
10. Frávik, brot eða grunur um veikleika í upplýsinga- og gagnaöryggi séu tilkynnt og rannsökuð. Leiki grunur á að um refsivert athæfi sé að ræða skal það tilkynnt til stjórnar eða framkvæmdastjóra félagsins og rannsakað í samstarfi við þar til bær yfirvöld.

Ofangreint skal tryggt með eftirfarandi hætti:

1. Halda skal skrá yfir persónugreinanleg gögn og þá aðila sem hafa aðgang að þeim.
2. Halda áhættu innan ásættanlegra marka með því að búa til og fylgja ferlum og vinnuaðferðum er snúa að meðferð upplýsinga, m.a. með framkvæmd áhættumats þegar breytingar verða á starfssemi.
3. Greina reglulega með formlegu áhættumati verðmæti upplýsingaeigna, viðkvæmni þeirra og ógnir sem geta stefnt þeim í hættu.
4. Fylgja og hlíta lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda.
5. Félagið og gagnaðilar standi við skuldbindingar og skilmála í samningum sem félagið er aðili að og varða upplýsingaöryggi.
6. Allt starfsfólk, þjónustufyrirtæki sem starfa fyrir félagið, verktakar og aðrir aðilar sem framkvæma vinnu fyrir hönd félagsins skulu vera upplýstir um

öryggisstefnu félagsins, stjórnkerfi upplýsingaöryggis og undirrita trúnaðaryfirlýsingu.

6. Vinnsluaðilar

Tryggja skal öruggan rekstur kerfa Múltikúlti með því að vera í góðum samskiptum við þau þjónustufyrirtæki sem sinna rekstri kerfa fyrir hönd félagsins. Gerðir hafa verið vinnslusamningar við þá aðila sem Múltikúlti þarf að vera í samskiptum við vegna samningsskuldbindinga og þeirra sem sinna þjónustu fyrir hönd Múltikúlti og gætu fengið aðgang að persónuupplýsingum við veitingu þeirrar þjónustu.

7. Ábyrgð

Framkvæmdastjóri Múltikúlti ber ábyrgð á því að öryggisstefnu þessari sé fylgt í allri starfsemi félagsins og að starfsfólk og verktakar sem starfa í umboði félagsins séu upplýst um stefnuna og að hún sé bindandi fyrir þau.

Athugasemdum varðandi öryggisstefnu þessa skal koma á framfæri við framkvæmdastjóra félagsins; kjartanice@gmail.com.

8. Endurskoðun

Öryggisstefnu þessa skal endurskoða í tengslum við allar meiriháttar breytingar á rekstri eða rekstrarumhverfi félagsins. Framkvæmdastjóri félagsins skal sjá til þess að viðhalda réttleika öryggisstefnunnar og hafa frumkvæði að reglulegri endurskoðun.